

Akureyri 7. febrúar 2011.

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1278
komudagur 11.2.2011


Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra (einbýli) nr. 125/1999 (þingskjal 239 – 214. mál).

Mælt er með þeim breytingunum sem lagðar eru til frumvarpinu og þykja sjálfsögð mannréttindi að íbúar öldrunarheimila eigi kost á einbýlum óski þeir þess.

Í þessu samhengi er rétt að minna á aðstæður þeirra íbúa öldrunarheimila sem búa í 8 – 10 m² herbergjum með aðgang að örfáum sameiginlegum snyrtingum. Slíkar aðstæður eru víða á eldri öldrunarheimilum og þurfa íbúar oft að fara langa leið um miðlæga ganga, þar sem gestir og gangandi fara um, til þess að komast á snyrtingu. Einkarýmið er svo lítið að erfitt er að koma fyrir nútímahjálpartækjum að ekki sé talað um persónulega muni eða möguleika á að taka á móti aðstandendum.

Brýnt er að kortleggja hversu víða slíkar aðstæður eru og skipuleggja aðgerðir til þess að útrýma einnig þessum aðstæðum - slíkar aðstæður teljast varla mannsæmandi í dag.

Virðingarfyllst,



Brit J. Bieltvedt framkvæmdastjóri
Öldrunarheimila Akureyrar.